

ORKUSTOFNUN

Jarðkönnunardeild

Umsögn um áhrif malartekju Vegagerðar ríkisins
á Seleyri og lagningu hraðbrautar á vatnsból
Borgarness

eftir

Stefán Arnórsson

OSJKD7310

Okt. 1973

ORKUSTOFNUN
Jarðkönnunardeild

Umsögn um áhrif malartekju Vegagerðar ríkisins
á Seleyri og lagningu hraðbrautar á vatnsból
Borgarness

eftir

Stefán Arnórsson

Meðfylgjandi umsögn er gerð að beiðni Jóhannesar Guðmundssonar, verkfræðings frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens fyrir hönd Borgarnesshrepps.

Þau gögn, sem þessi umsögn byggist á eru:

1. Kort frá Vegagerð ríkisins, sem sýna áætlaða malar-tekju í landi Hafnar og Grjóteyrar vegna væntanlegrar hraðbrautarlagningar yfir Seleyri ásamt legu þessarar hraðbrautar.
2. Samningur Borgarnesshrepps um vatnsréttindi á Seleyri við Pétur Torfason, bónda, eiganda jarðarinnar Hafnar.
3. Skýrsla Jóns Jónssonar, jarðfræðings, á Orkustofnun um boranir á Seleyri við Borgarfjörð, febrúar, 1969.

Seleyrin er gerð úr framburði lækja úr Hafnarfjalli og myndar framburðurinn svokallaða árkeilu. Kemur greinilega í ljós í ofanefndri skýrslu Jóns Jónssonar, að engin þétt jarðlög eru í keilunni, enda virðist efnið í henni allri gróft. Þess vegna er það talið fullvíst, að allt regnvatn og annað yfirborðsvatn hripar auðveldlega niður í keiluna og sameinast grunnvatni því, sem borholur vatnsveitu Borgarness fá vatn úr.

Aður en vatnsveita Borgarness lét bora á Seleyri var notast við yfirborðsvatn úr lækjum, sem koma úr norðanverðu Hafnarfjalli. Kosturinn við að bora eftir vatni í Seleyrina var sá, að þá fengist tært vatn, en ekki gruggað yfirborðsvatn, enda eru malareyrar og önnur slík jarðlög ágætis síur fyrir grugg. Sama máli gegnir þó ekki um efni, sem leysast upp í vatninu, eða örsmáar agnir. Hvorutveggja kemur til með að blandast grunnvatninu. Olía mundi einnig samlagast grunnvatninu, ef hún læki niður í eyrina.

Vegna áætlaðrar malartekju úr keilunni ofan við vatnsbólin í ekki meira en 200-250 metra fjarlægð, blasir við, að varla verður hjá því komist, að grunnvatnið mengist af olíu. Er þetta sérlega varasamt vegna þess, að grunnvatnsstraumur í keilunni mun vera nálægt hornrétt á hæðarlínurnar og því beint rennsli úr áætluðu malartekjusvæði í landi Hafnar í borholur vatnsveitu Borgarness. Ekki er talið, að slys þurfi að verða til að valda olíumengun grunnvatnsins. Magn olíu, sem óhjákvæmilega mun alltaf leka úr vinnuvélum á staðnum eða við áfyllingu á þær eða smurningu, er talin nægileg, vegna fjarlægðar við vatnsbólið og því hversu opin keilan er.

Með tilliti til þess, að aðrir möguleikar á öflun neysluvatns fyrir byggðina í Borgarnesi kemur vart til greina, er eindregið mælt með því að finna annan stað fyrir malartekju en áætlaður er í landi Hafnar. Samkvæmt samningi þeim, sem Borgarneshreppur gerði við Pétur Torfason, bónda, eiganda jarðarinnar Hafnar, hefur hreppurinn þegar keypt öll vatnsréttindi í Seleyrinni og áskilið sér rétt til þess að vernda alla malarkeiluna gegn framkvæmdum, er gætu spillt vatninu í borholunum.

Gagnvart malarnámi í landi Grjóteyrar gegnir nokkuð öðru máli, þar sem ótruflað grunnvatnsrennsli hefur stefnu til sjávar austan borholanna og einnig austan lækjar, sem fer í sjóinn austan Seleyrartanga. Má búast við, að mest öll olía, sem færi niður á þessu malartekjusvæði, lenti ekki vestar en í læknum og hefði því ekki skaðleg áhrif á vatnið í borholunum. Þetta getur samt ekki talist öruggt, vegna áhrifa sem niðurdráttur í borholum við dælingu, hefur á grunnvatnsrennslið. Áður en undirritaður telur sér fært að gefa umsögn um þetta atriði, er nauðsynlegt að skoða aðstæður á staðnum og fá vitneskju um niðurdrátt í borholunum. Á það skal þó bent, að samkvæmt lögum um heilbrigðismál er óheimilt að spilla vatnsbólum.

Hið áætlaða vegastæði fyrir hina nýju hraðbraut er talin liggja óþarflega nálægt borholunum og mun stafa nokkur mengunarhætta af henni. Er mælt til þess, að Vegagerð ríkisins kanni hvort ekki megi leggja hina væntanlegu hraðbraut fjær holunum og þá sem næst flæðarmálinu vestan á Seleyrartanganum.